

Fulltrúaráðsfundur
31. október 2012 kl.19:30
í húsnæði HRFÍ Síðumúla 15

Boðað var til fulltrúaráðsfundar með tölvupósti þann 18. október sl.

Mættir voru 30 fulltrúar frá stjórn og öllum deildum nema: Ensk cocker spaniel-, Fjár- og hjarðhunda-, Smáhunda-, Spaniel-, Terrier-, Tíbet spaniel-, Boxer-, PMF-, Vinnuhunda-, St. Bernharðs-, Am.cocker spaniel- og Huskydeild

Valgerður Júlíusdóttir framkvæmdastjóri bauð alla velkomna á fyrsta fulltrúaráðsfund á starfsárinu og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur
2. Magnús Orri Schram þingmaður, kynnti frumvarp um breytingu á innflutningi gæludýra og gæludýravegabréf.
3. Fjölgun augnskoðana
4. Umræður og upplýsingar/fréttir frá deildum
5. Alþjóðleg hundasýning í nóvember
6. Önnur mál

Valgerður bauð Árnýju Sigurðardóttir velkomna og sagði að það væri ánægjulegt að fá hana á fund hjá Hundaræktarfélagi Íslands og tók fram að góð samvinna væri á milli félagsins og hennar sviðs innan Reykjavíkurborgar.

1. Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Árný sagði að hennar svið tæki yfir heilbrigðismál Reykjavíkurborgar því það væri þeirra umdæmi. Hún fór yfir skráningar á hundum en árið 2000 voru 1351 hundur skráður í Reykjavík og árið 2012 voru 2500 skráðir. Talsverð aukning hefur orðið og hafa skráningar farið hægt og sígandi upp nema í hruninu þá varð mjög mikil aukning. Árið 2006 voru 570 kvartanir í Reykjavík og í hruninu þá fækkaði þeim. Kvartanir eru um 500 og snúast um margvísleg mál, fjöldinn á ekkert við um umfangið. Heilbrigðiseftirlitið framfylgir hundasamþykktinni. Erfitt er að ná utan um þann sem hefur einbeittan brotavilja. Nýbúið er að samþykka nýja hundasamþykkt í Reykjavík sem tók gildi í júní sl. Í nýju samþykktinni er Laugavegsbannið farið út og nú má vera með hunda í taumi á Laugaveginum. Búið er að gera húsanúmeraskrá yfir þá hunda sem eruð skráðir. Það hefur ekki verið kvartað yfir því enda er það eðlileg stjórnsýsla. Árný hefur ekki heyrt af neinum sem hefur orðið fyrir aðkasti vegna húsanúmeraskráarinnar. Í nýju hundasamþykktinni voru hertar reglur varðandi hættulegar hundategundir þ.e. fleiri tegundir eru nú bannaðar. Miklar tilfinningar eru í þessum hundamálum! Árný sagðist hafa kynnt sér lög HRFÍ. Hún sagði að í lögum HRFÍ væri ekkert talað um að þeir sem eru félagsmenn og hundaeigendur virði lög og reglugerðir sem eru í gildi í landinu. Hún spurði hvort allir hundar innan HRFÍ væru skráðir.

Reykjavíkurborg hefur samþykkt tvö ný hundagerði, í Laugardalnum og Breiðholti við Arnarbakka. Til eru svæði í Reykjavík sem hundar mega vera lausir. Algengustu kvartanir koma úr fjölbýlishúsum. Þar er helst kvartað yfir ónæði, gelti, undan hundum sem eru lengi heima eða of lengi í bílum. Einnig er mikið kvartað yfir hundaskít. Eftir að lögum

um fjöleignahús var breytt varð margt mjög flókið í útfærslu. Það kostar um 30 milljónir að reka heilbrigðiseftirlitið.

- Umræða um erindi frá Guðríði Magnúsdóttur sem lagt var fram á aðalfundi HRFÍ varðandi fjölgun augnskoðana.

Erindi frá Guðríði Magnúsdóttur var vísað til stjórnar á aðalfundi HRFÍ

Að augnskoðunum hjá Hundaræktafélagi Íslands verði fjölgað í amk. 5 sinnum á ári og reynt að hafa þær í tengslum við hundasýningar eða annan stóran viðburð hjá félaginu og amk. ein skoðun verði árlega líka hjá Svæðafélagi Norðurlands.

Rökstuðningur:

A) Nú í dag eru þrjár augnskoðanir á ári hjá félaginu sem er vel en hægt er að hafa fimm skoðanir með nákvæmlega sama tilkostnaði þar sem það koma tveir augnlæknar í tvö skipti en einn í eitt skipti.

Skv. samtali við Valgerði framkvæmdarstjóra fyrr í vor þá kom í ljós að þegar tveir augnlæknar koma þá eru það tveir einstaklingar þannig að allur kostnaður á við að fá augnlækni í 5 skipti yrði sá sami fyrir félagið.

B) Það hentar fjölmörgum tegundum að hvolpar séu augnskoðaðir á aldrinum 6-12 vikna td. með tilliti til CEA augnskoðun á hvolpum erlendis gildir fyrir lífstíð

C) Málum til siðanefndar sem eru vegna þess að hundar hafa ekki gilt augnvottorð tel ég að myndi stórfækka

Sbr heimasíðu félagsins/siðanefndar eru af 62 úrskurðum fyrir árið 2010 eru 20 rakkar og 20 tíkur sem ekki eru með gilt augnvottorð við þörun.

Í fyrirbyggjandi 24 úrskurðum fyrir árið 2011 (og þá eiga líklegast einhverjir eftir að skila sér,) þá eru 7 rakkar og 6 tíkur sem hafa ekki gilt augnvottorð við þörun.

Stjórn HRFÍ var sammála um að leggja málið fram á fulltrúaráðsfundi varðandi framkvæmdina og leita álits um hvernig félagsmenn vilja hafa augnskoðunina í framtíðinni.

Málið kynnt og rætt. Fulltrúar á fulltrúaráðsfundi sammála að hafa fyrirkomulagið áfram eins og það er.

- Magnús Orri Schram þingmaður kynnti frumvarp um gæludýravegabréf. Tvívegis er búið að leggja fram frumvarp um breytingar á reglum um innflutning á gæludýrum. Málið var lagt fram í þriðja skipti í haust. Magnús Orri kynnti þingmennina sem vinna málið með honum en það er Ólína Þorvarðardóttir og Helgi Hjörvar. Þingmennirnir hafa hitt stjórn HRFÍ. Magnús Orri sagði að því miður hafi þetta mál ekki náð eyrum annarra þingmanna en þeir hafa ekki verið nægilega vel upplýstir um málið. Helsta andstaðan eru bændur, hestamenn og dýralæknar. Magnús Orri sagði að þingmenn beri fram mál eins og þetta með gæludýravegabréfið (breytingar á innflutningi gæludýra) sem fer síðan í nefnd. Þetta mál fór í atvinnuveganefnd sem sendir beiðnir til tengdra aðila og óska eftir áliti á málinu. Umsagnirnar sem hafa komið um málið eru því miður mjög neikvæðar. Hundaræktendur sjá hag í breytingunni og því hafa þingmennirnir leitað til HRFÍ til að afla bandamanna. Dýralæknar og Matvælastofnun eru mest á móti breytingunni. Þeir halda að öll dýr verði leyfð. Hagsmunir bænda og sjónarmið dýralækna er mest í umræðunni. Anna María Flygenring stjórnarmaður HRFÍ óskaði eftir að fá að stíga í pontu. Anna María sagðist vera bóndi og hundaræktandi og er ekki tilbúin til að taka þessa áhættu þ.e. að leyfa gæludýravegabréf. Anna María sagði frá áliti sínu á gæludýravegabréfinu. Hún hefur skoðað reglur í mörgum löndum. Hún spyr sig meðal annars hvernig eftirliti yrði háttað ef gæludýravegabréf yrðið leyft. Yrði t.d. ekkert eftirlit á hundunum eftir að þeir koma til landsins. Anna María spyr hverjir séu hagsmunir hundsins! Vill hundurinn fara í flug til að

fara með eiganda sínum í frí. Hún telur að það þurfi að taka smærri skref og forgangsraða og gera nýtt áhættumat. Hún telur þó að leyfa ætti leitar- og björgunarhundum undanþágu frá einangrun.

Magnús Orri sagði að það væri ágætt að fá þessi sjónarmið frá Önnu Maríu en það endurspeglaði nákvæmlega það sem þau eru að fást við í þinginu.

Björn Ólafsson steig í pontu og sagðist alfarið vera á mótí öllu sem Anna María sagði. Hann tók fram að hundurinn hans mundi glaður fylgja honum til útlanda til að vera með honum í nokkra mánuði.

Magnús Orri var spurður hvað hann gæti ráðlagt félagsmönnum í HRFÍ hvernig þeir gætu stutt við málefnið. Hann sagði að 9 þingmenn væru í nefndinni þar sem málið er unnið og best væri fyrir félagsmenn að kynna málið fyrir þeim.

Hugmynd kom fram á fundinum að boða til félagsfundar og fá fulltrúa frá MAST til að ræða um upplýsingar sem varða hunda sem hafa verið í einangrun og nýtt áhættumat.

- Theodóra Róbertsdóttir, formaður Unglingadeildar óskaði eftir að fá að taka til máls. Hún sagði frá öflugu starfi deildarinnar og fjáröflun. Kynnti Nordic Winner liðið sem keppir næstu helgi í Herning í Danmörku. Theodóra sagði að stjórn Unglingadeildar þætti leitt að misskilnings gætti meðal margra félagsmanna varðandi fjárútlát til deildarinnar. Hún sagðist vilja upplýsa það að félagið hafi lagt fram rúmar ellefu þúsund krónur til unglिंगastarfsins í fyrra og henni þætti leitt ef félagsmönnum þætti það of mikið sem framlag til unglिंगastarfsins. Hún sagði að aðsókn í sýningaþjálfun hjá Unglingadeild hefði minnkað eftir að ræktunardeildir fóru sjálfar að bjóða upp á sýningaþjálfun. Hún sagði að Unglingadeildin væri ekki á mótí því starfi en bauð fram aðstoð Unglingadeildar. Theodóra var spurð hvort starfsemi deildarinnar væri aðeins að bjóða upp á sýningaþjálfun. Hún sagði að þau hefðu verið með ungra sýnenda keppni þar sem veitingar voru seldar og fleira. Theodóra sagði að þau hefðu áhuga á að gera meira en allir í stjórn væru komin í framhaldsskóla og því minni tími sem þau hefðu aflögu fyrir utan sýningaþjálfana. Hún sagði að þau þyrftu meiri stuðning frá eldri félögum/foreldrum/forráðamönnum og benti á að þannig væri það í öðrum löndum og íþróttafélögum. Pétur Alan sagði að Fuglahundadeild hefði boðið þeim að kynna sér vinnu með fuglahundum fyrir nokkrum árum en enginn hefði sýnt því áhuga. Theodóra sagðist alveg hafa áhuga á vinnu með fuglahundum en þetta hefði verið áður en hún kom í stjórn.

- Vilhjálmur Ólafsson óskaði eftir að taka til máls. Hann sagði frá veiðihundaprófi sem Ferdinand Hansen hafði dæmt. Hann ræddi síðan, að hans mati, niðrandi skrif á vefsíðum og vildi afhenda stjórn útprentun því til staðfestingar. Hann vildi að stjórn tæki á málinu og að fundurinn ályktaði um þetta mál. Jóna Th. Viðarsdóttir stóð upp og sagði að ef félagsmönnum þætti brotið á sér af öðrum félagsmönnum þá þyrftu þeir sjálfir að kæra málið til síðanefndar, fulltrúaráðsfundur eða stjórn HRFÍ getur ekki kært málið. Jafnframt benti Jóna á að það væri ekkert í Grundvallarreglum HRFÍ sem tæki á niðrandi skrifum á netinu.

- Umræður og upplýsingar/fréttir frá deildum Fulltrúa frá 12 deildum vantaði á fundinn sem eru mikil vonbrigði þar sem boðað var til fundarins með góðum fyrirvara og góð málefni.

Engar umræður og upplýsingar frá deildum nema tölvupóstur sem barst frá Smáhundadeild sem óskað var eftir að yrði lesið upp. Jóna Th. Viðarsdóttir las upp tölvupóstinn þar sem sagt var frá blómlegu starfi deildarinnar.

- **Alþjóðleg hundasýning í 17.-18. nóvember**

Alþjóðleg hundasýning Hundaræktarfélags Íslands fer fram helgina 17. - 18. nóvember 2012 í Klettagörðum 6, 104 Reykjavík. Dómarar að þessu sinni eru: Tapio Eerola (Finnland), Natalja Nekrosiene (Litháen), Anna Brankovich (Serbía), Zoran Brankovich (Serbia), John Walsh (Írland), Ole Staunskjær (Danmörk). Sýndir verða alls 785 hundar af 80 hundategundum og 32 ungmenni taka þátt í keppni ungra sýnenda, 11 í yngri og 21 í eldri flokki. Dómari í þeirri keppni verður John Walsh frá Írlandi. Heiðraðir verða afreks – og þjónustuhundur ársins og stigahæsti hundur og öldungur.

Deildir sem eiga að aðstoða á þessari sýningu eru: Ensk cocker spaniel-, Husky-, Spítzhunda- og Yorkshire terrierdeild. Framkvæmdanefnd sýningar hefur nú þegar fundað með fulltrúum þessara deilda.

- Önnur mál

Ekkert erindi undir önnur mál

Fundi slitið um kl. 22:30.